

**Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn þriðjudaginn 18. nóvember kl 16.15, með aðstoð fjarfundabúnaðar á Bíldudal, Bolungarvík, Ísafirði og Hólmavík.**

Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir formaður (á Bíldudal), Baldur Smári Einarsson (í Bolungarvík), Daníel Jakobsson (á Ísafirði), Ingbjörg Emilsdóttir (á Hólmavík) og Sigurður Jón Hreinsson (á Ísafirði). Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri (á Ísafirði), sem einnig ritaði fundargerð.

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 23. október 2014.

*Fundargerð stjórnarfundar 23. október 2014, lögð fram til staðfestingar en fundargerð hafði áður verið samþykkt í tölvupósti. Fundargerð staðfest.*

2. Þinggerð 59. Fjórðungsþing Vestfirðinga

*Framkvæmdastjóri kynnti að forsetar og ritarar 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga hafi með tölvupósti 17. nóvember staðfest endanlega þinggerð 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga. Stjórn felur framkvæmdastjóra að kynna þinggerðina fyrir aðildarsveitarfélögum og öðrum aðilum sem tengjast starfsemi FV*

3. Aðgerðaáætlun

*Framkvæmdastjóri kynnti drög að forgangsröðun mála sem samþykkt voru á 59. Fjórðungsþingi. Mál er varða frumvarp til fjárlaga 2015 eru að tillögu framkvæmdastjóra sett í forgang. Stjórn samþykkir forgangsröðun mála og felur formanni og framkvæmdastjóra að fylgja þeim eftir.*

4. Drög að reglugerðum um ný umdæmi lögreglu- og sýslumannsembætta Sóknaráætlun landshluta

*Framkvæmdastjóri kynnti að í dag hefði dómsmálaráðuneyti skipað nýjan lögreglustjóra á Vestfjörðum. Enn væri beðið reglugerðar er varðar starfsemi sýslumanns á Vestfjörðum. Stjórn FV ítrekar mikilvægi þess að fjárveiting til starfsemi sýslumanns á Vestfjörðum verði auknar til að tryggja stöðugildi löglærðra fulltrúa á Hólmavík og Patreksfirði.*

5. Sóknaráætlun landshluta

- a. Fundargerðir stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

*Lögð fram til kynningar fundargerð 7. fundar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.*

- b. Greining Vestfjarða, skýrsla Byggðastofnunar

*Kynnt að Byggðastofnun hefði birt á heimasíðu sinni þann 14. nóvember s.l., skýrslu með greiningu á stöðu samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum. Skýrsla er hluti af undirbúningi sóknaráætlunar landshluta. Framkvæmdastjóri kynnti að ekki hefði unnist tími til að fara yfir efni skýrslunnar en drög að henni voru send FV fyrr í sömu viku, en það er mat framkvæmdastjóra að gera þurfi verulegar athugasemdir við efni hennar og hefur því verið komið á framfæri við Byggðastofnun.*

6. Skipan í nefndir og ráð

*Formaður rakti umræðu frá síðasta stjórnarfundum um skipan í nefndir og ráð og erinda sem borist hafa á milli funda.*

a. Minjaráð Vestfjarða

*Lagt fram bréf Minjastofnunar Íslands dags 22. október s.l. þar sem óskað er tilnefninga í Minjaráð Vestfjarða sem mun starfa á grundvelli 10. gr laga nr 80/2012 um menningarminjar.*

*Stjórn fagnar þeirri ákvörðun að starf Minjavarðar Vestfjarða verður nú endurvakið eftir að það var lagt tímabundið niður á árinu 2011. Stjórn væntir góðs samstarfs við Minjaráð Vestfjarða og Minjastofnun Íslands um þennan mikilvæg málaflokk.*

*Stjórn FV telur mikilvægt að Minjastofnun Íslands og Þjóðminjasafn sem tilnefna aðra fulltrúa í Minjaráð Vestfjarða leitist við að skipa einstaklinga sem hafa til að bera þekkingu á málaflokknum og eigi búsetu á starfssvæði Minjaráðs Vestfjarða.*

*Formaður gerði tillögu að tilnefningu stjórnar FV sem hér segir.*

*Guðrún Stella Gissurardóttir, fulltrúi í bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar, Ingibjörg Emilsdóttir, fulltrúi í sveitarstjórn Strandabyggðar,*

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

b. Fagráð Markaðsstofu Vestfjarða

*Rætt um skipan tveggja fulltrúa í fagráð Markaðsstofu Vestfjarða, á grundvelli samkomulags Fjórðungssambands og Ferðamálasamtaka Vestfjarða frá apríl 2013. Formaður gerði tillögu í framhaldi af umræðu*

*Jón Páll Hreinsson, verkefnastjóri, Atvest, Ísafirði.*

*Sigríður Kristjánsdóttir, verkefnastjóri, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Ísafirði.*

*Tillagan samþykkt samhljóða*

c. Ráðgjafaráð Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

*Lagður fram tölvupóstur Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 31. október s.l. þar sem kynnt er sú ákvörðun heilbrigðisráðherra að skipa ráðgjafanefndir í sjö heilbrigðisumdæmum. Ráðherra óskar eftir að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni þá fulltrúa og óskar Sambandið eftir tillögum landshlutasamtaka fyrir þau heilbrigðisumdæmi sem eru á þeirra starfssvæði. Ráðherra skipar tvo fulltrúa til viðbótar auk formanns og ráðherra skipar í nefndirnar úr þeim tilnefningum sem hafa borist. Vakin er athygli á að 15. gr laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna, nr 10/2008 um tilnefningar ríkis og sveitarfélaga í nefndir, ráð og stjórnir.*

*Formaður gerði að tillögu að skipa*

*Elías Jónatansson, bæjarstóra Bolungarvíkurkaupstaðar*

*Friðbjörgu Matthíasdóttur, forseta bæjarstjórnar Vesturbyggðar.  
Tillagan samþykkt samhljóða.*

- d. Starfshópur um bætt raforkuöryggi á Vestfjörðum.

*Framkvæmdastjóri kynnti að FV hefði gert tillögu til ráðherra um skipan fjögurra fulltrúa í starfshóp um bætt raforkuöryggi á Vestfjörðum, í framhaldi af fundi ríkisstjórnar á Ísafirði þann 5. apríl 2011. Fulltrúar í starfshópnum hafa lagt fram fyrirspurn hvort ný stjórn FV vilji breyta tilnefningum. Nú eru tilnefnd Ásthildur Sturludóttir, Patreksfirði, Guðmundur V Magnússon, Bíldudal, Kristín Hálfðánsdóttir, Ísafirði og Oddný Þórðardóttir, Árneshreppi. Rætt um efni máls og telur stjórn FV ekki tilefni til að breyta tilnefningu í starfshópnum.*

7. Umsagnir til Alþingis

*Formaður kynnti að tekin yrði að nýju til umræðu umsagnir um þingmál.*

- a. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir í byggðamálum, 19. mál. Umsögn berist eigi síðar en 15. október n.k.. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0019.html>

*Samþykkt að senda umsögn um málið á grundvelli umræðu um málið.*

- b. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 107. mál. Umsögn berist eigi síðar en 27. október. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0107.html>

*Samþykkt að senda umsögn um málið á grundvelli umræðu um málið.*

- c. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um vegalög (gjaldtaka af umferð o.fl., EES-reglur), 157. mál. Umsögn berist eigi síðar en 31. október nk. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0161.html>

*Samþykkt að senda umsögn um málið á grundvelli umræðu um málið.*

8. Önnur mál.

- a. *Lagt fram boð á hluthafafund Atvinnuþróunarfélags Vestfjarð þann 20. nóvember n.k... Málefni fundarins eru breytingar á samþykktum í ljósi athugasemda Hlutaðfélagaskrár. Samþykkt að veita framkvæmdastjóra að fara með umboð FV á fundinum.*
- b. *Framkvæmdastjóri kynnti að starfsmenn FV óskuðu eftir endurskoðun á starfsmannastefnu og kjaramálum FV. Umræðu frestað til næsta fundar.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17.15.